

Samkomulag milli Garðabæjar og hjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga er starfa hjá Ísafold

1. Inngangur

Garðabær sem rekstraraðili Ísafoldar, hjúkrunarheimilis, og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gera með sér eftirfarandi samkomulag um röðun í launaflokka o.fl. hjá Ísafold. Samningurinn er viðauki við kjarasamning Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu sem undirritaður var 15. júní 2011.

2. Gildisvið

Samkomulag þetta nær til allra hjúkrunarfræðinga á Ísafold hjúkrunarheimili sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Gildistími þessa samnings er frá 1. jan. 2013 til 31 janúar 2014 eða þar til nýr kjarasamningur sömu aðila tekur gildi.

3. Röðun starfa í launaflokka

Samkomulag er um að eftirfarandi röðun í launaflokka starfa hjúkrunarfræðinga hjá Ísafold gildi frá 1. maí 2013.

Almennur hjúkrunarfræðingur

Launaflokkur 07

Hjúkrunardeildarstjóri

Launaflokkur 09

4. Sérstakt tímabundið álag

Garðabær samþykkir að greiða hjúkrunarfræðingum sérstaka álagsgreiðslu sem skal nema kr. 30.000 á mánuði miðað við 80% starf. Fjárhæðin lækkar hlutfallslega miðað við lægra starfshlutfall. Ákvæði um álagsgreiðslur skal gilda frá 1. janúar 2013.

Starfsmenn sem ráðnir eru til starfa eftir undirskrift þessa samkomulags skulu njóta greiðslu samkvæmt ákvæði þessu.

5. Yfirvinna hjúkrunardeildarstjóra

Hjúkrunardeildarstjórar skulu fá greidda frá 1. Maí 2013 fasta yfirvinnu sem nemur 5 klst á mánuði. Yfirvinnan er greidd vegna starfa sem geta fallið til utan hefðbundins vinnutíma s.s. vegna funda og frágang einstakra verkefna. Ákvæðið á ekki við þegar starfsmaður tekur að sér aukavaktir.

6. Sérstakt álag vegna næturvakta

Hjúkrunarfræðingur sem starfar í 50% starfi eða meira en að næturlagi skal fá greitt álag sem nemur fjórum álagsþrepum. Ákvæði þetta skal taka gildi 1. október 2013.

7. Nýr kjarasamningur

Garðabær lýsir því yfir að í samræmi við stefnu bæjarins í kjaramálum mun bærinn fela stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga umboð til að semja við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga um nýjan kjarasamning sem taki gildi þegar núverandi samningur rennur út í lok janúar 2014.

8. Önnur atriði.

Garðabær samþykkir að fram fari úttekt á mönnunarmódeli Ísafoldar og verða niðurstöður hennar hafðar að leiðarljósi við endurskoðun og endurskipulagningu starfa á Ísafold.

Jafnframt mun Garðabær láta framkvæma starfsmannakönnun meðal allra starfsmanna Ísafoldar og muna aðilar í sameiningu fara yfir niðurstöður hennar með það að markmiði að framkvæma aðgerðir til úrbóta á starfsumhverfi og vellíðan starfsmanna Ísafoldar

Garðabæ, 20. september 2013

F.h. Garðabæjar

F.h. Félags hjúkrunarfræðinga